

Efnisyfirlit

Inngangur	2
1 Leikskólinn Tröllaborg.....	3
2 Áherslupættir í starfi Tröllaborgar	5
3 Sjálfsmatsáætlun	6
3.1 Sjálfsmat.....	6
3.2 Sjálfsmatsáætlun 2009 – 2012	8
3.3 Sjálfsmatsteymi	9
4 Sjálfsmat og lykilpættir 2009.....	9
4.1 Framkvæmd Sjálfsmatsins	9
4.2 Lykilpáttur 4 – Stuðningur við börn og fjölskyldur	10
4.3 Lykilpáttur 5 – Vinnusiðfræði leikskólans.....	12
5 Áætlun um aðgerðir	15

Inngangur

Mat á leikskólastarfi er liður í þróun og vexti leikskólans og tengist markmiðum hans og áætlunum. Einstakir starfsmenn leikskólans geta borið sérstaka ábyrgð á matsvinnunni en það er afgerandi fyrir allt ferlið að allir starfsmenn leikskólans komi að vinnunni á einn eða annan hátt.

Samkvæmt 17.gr. laga um leikskóla ber öllum leikskólum að framkvæma kerfisbundið sjálfsmat með virkri þátttöku starfsmanna, barna og foreldra eftir því sem við á. Upplýsingar um innra mat sitt birtir leikskólinn opinberlega, tengsl þess við skólanámskrá og áætlanir um umbætur.

Mat á leikskólastarfi er skipt í innra mat og ytra mat. Innra mat er framkvæmt af starfsmönnum leikskólans en ytra mat af utanaðkomandi aðilum eins og sveitarfélaginu eða menntamálaráðuneytinu.

Tilgangurinn með sjálfsmati er að kanna hvort markmiðum leikskólans hefur verið náð svo og greina veika og sterka þætti í leikskólastarfinu og leggja þannig grunn að umbótum. Mat á leikskólastarfi er liður í þróun og vexti leikskólans og tengist markmiðum hans og áætlunum. Með sjálfsmati fer fram víðtæk gagnaöflun um skólastarfið. Einstakir starfsmenn leikskólans geta borið sérstaka ábyrgð á matsvinnunni en það er afgerandi fyrir allt ferlið að allir starfsmenn leikskólans komi að vinnunni á einn eða annan hátt.

Sjálfsmat er því góð leið til þess að miðla þekkingu á skólastarfi og er liður í þróun og vexti leikskólans. Það má því segja að sjálfsmatið í heild sinni sé lykill að því að gera góðan skóla enn betri.

Til þess að mat uppfylli viðmið laga þarf það að vera formlegt, altækt, áreiðanlegt, samstarfsmiðað, umbótamiðað, árangursmiðað, stofnana- og einstaklingsmiðað, lýsandi, greinandi og opinbert.

Haustið 2007 fórum við í Tröllaborg af stað með sjálfsmat undir handleiðslu Þóru Bjarkar Jónsdóttur. Matslistinn sem við notum heitir „Barnið í Brennidepli“ sem er skosk matsaðferð og er notuð í leiksólum í Skotlandi. Matslistinn er þýddur og staðfærður af Hildi Skarphéðinsdóttur. Barnið í brennidepli er matsaðferð sem á að

hjálpa starfsfólki leikskóla við að meta gæði uppeldis- og menntastarfsins, samskipti starfsfólks, foreldrasamstarfið og stjórnun.

Tekin var ákvörðun um að fara yfir allan listann fyrst og raða svo niður á næstu þrjú árin og byrja á því sem kæmi verst út. Af óviðráðanlegum orsökum sem ekki verða raktar í þessari skýrslu, gekk þetta ekki alveg upp. Við settumst niður og skoðuðum dæmið og settum okkur ný markmið og er þetta fyrsti áfangi í þeim markmiðum.

1 Leikskólinn Tröllaborg

Haustið 2003 var ákveðið að sameina leikskólana í austanverðum Skagafirði undir einn hatt. Það eru Brúsabær á Hólum, Barnaborg á Hofsósi og Bangsabær í Fljótum. Þessi ný sameinaði leikskóli hlaut nafnið Tröllaborg en hver deild heldur þó sínu nafni og séreinkennum. Skipting milli deilda er eftirfarandi:

Í Bangsabæ í Fljótum eru 5 nemendur sem skiptast þannig:

Árgangur 2005 – 3 nemendur

Árgangur 2006 – 2 nemendur

Í Barnaborg á Hofsósi eru 18 nemendur

Árgangur 2004 – 2 nemendur

Árgangur 2005 – 4 nemendur

Árgangur 2006 – 3 nemendur

Árgangur 2007 – 4 nemendur

Árgangur 2008 – 5 nemendur

Í Brúsabæ á Hólum eru 20 nemendur

Árgangur 2004 – 3 nemendur

Árgangur 2005 – 3 nemendur

Árgangur 2006 – 5 nemendur

Árgangur 2007 – 6 nemendur

Árgangur 2008 – 3 nemendur

Starfsmenn Tröllaborgar

Leikskólastjóri er Anna Árnína Stefánsdóttir og staðgengill leikskólastjóra er Eyrún Berta Guðmundsdóttir.

Deildarstjórar eru þrír, einn á hverri starfsstöð. Sigrún Svansdóttir í Bangsabæ, Ragnheiður Jóhannsdóttir í Barnaborg og Linda Hrönn Þórisdóttir í Brúsabæ.

Kennarar eru 10 talsins þ.m.t. deildarstjórar í samtals 7,28 stöðugildum. Tveir þeirra eru leikskólakennarar, einn er þroskaþjálfari, einn er í leikskólakennaranámi og sex eru leiðbeinendur.

Bangsabær

Aðeins einn starfsmaður er í Bangsabæ, í 70% stöðugildi.

Barnaborg

1 þroskaþjálfari í 97,5% stöðugildi

3 leiðbeinendur í 2,48 stöðugildum

Brúsabær

2 leikskólakennarar í 2 stöðugildum

1 leikskólakennaranemi í 60% stöðugildi

2 leiðbeinendur í 1,80% stöðugildum

2 Áherslupættir í starfi Tröllaborgar

Í hverjum leikskóla eru sérstakar áherslur hafðar til hliðsjónar í leikskólastarfinu. Þessar áherslur mótast af þeim gildum sem ríkjandi eru í samfélaginu og ytri aðstæðum. Auk þess mótast áherslurnar af þeirri menntun og reynslu sem starfsfólkið hefur aflað sér og þeim kenningum sem litið er til í skipulagningu starfsins.

Leikskólinn Tröllaborg vinnur eftir framtíðarsýn skólastefnu Sveitarfélagsins Skagafjarðar. Í Tröllaborg er unnið eftir aðalnámskrá leikskóla. Aðaláhersla er lögð á *leikinn, skapandi starf og félagslega færni* með það að markmiði að hver einstaklingur fái notið sín sem best. Með þessa þætti að leiðarljósi er litið til kenninga **Johns Dewey** sem lagði áherslu á það að lifa og læra væru samofnir þættir og börn þurfa að fá að rannsaka og prófa til að öðlast aukna þekkingu. Einnig er horft til kenninga **Lev Vygotsky** sem lagði áherslu á að nám eigi sér stað í félagslegu samhengi í samskiptum milli barns annars vegar og fullorðins eða eldri barns sem hefur meiri þekkingu hins vegar.

Leikurinn er helsta námsleið barna og í gegnum hann efla þau alla þroskaþættina. Því leggur starfsfólk leikskólans mikla áherslu á að leiknum sé gefið mikið svigrúm í starfseminni. Markvisst er stuðlað að því að leiktækifæri og leikefni barnanna séu fjölbreytt svo öll börn geti notið sín í leiknum á eigin forsendum. Hugað er að því að börnin fái að glíma við krefjandi verkefni undir handleiðslu og hvatningu starfsfólksins í þeim tilgangi að efla börnin til aukins þroska og getu.

Í hverju barni býr mikil og fjölbreytt sköpun. Í leikskólanum er lögð áhersla á að hvert barn fái að njóta sín á sínum eigin forsendum og fái tækifæri til að koma sínum hugmyndum og sköpunarkrafti á framfæri á fjölbreyttan hátt.

Nauðsynlegt er að kenna börnunum að bera virðingu fyrir umhverfi sínu og öðru fólki. Besta leiðin til að kenna börnunum að bera virðingu fyrir öðrum er að sýna þeim sjálfum virðingu. Þetta er haft að leiðarljósi í leikskólanum. Börnunum er hrósað þegar þau sýna jákvæða hegðun og hvetur það þau áfram auk þess sem það verður til þess að þau taka eftir því jákvæða í fari hvers annars.

3 Sjálfsmatsáætlun

3.1 Sjálfsmat

Sjálfsmat leggur faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og er leið til að vinna kerfisbundið að því að auka gæði leikskólastarfsins og gera það skilvirkara. Í sjálfsmati er tekið mið af markmiðum og stefnu leikskólans og lýsingu á leiðum til að ná þeim. Ákveða þarf hvað á að skoða hverju sinni, t.d. samskipti, viðhorf eða skipulag. Skólanámskráin nýtist ekki sem tæki til skólaþróunar og umbóta nema fram fari sjálfsmat kennara og skólans í heild. Eins og fram kemur í inngangnum þá notar leikskólinn Tröllaborg matslistann „Barnið í brennidepli“ í sinni sjálfsmatsvinnu. Barnið í brennidepli miðar að því að hjálpa leikskólum við að meta eigin vinnu með árangursvísum sem allir eiga að get nýtt sér. Sumir árangursvísanna kunna stundum að vera mikilvægari en aðrir, en saman mynda þeir matsaðferð sem ætlað er að stuðla að árangursríkri leikskóladvöl fyrir öll börn.

Allir sem koma nálægt starfinu í leikskólanum geta tekið þátt í matsferlinu. Sjálfsmat fer í flestum tilfellum fram undir stjórn leikskólastjórans, verkefnastjóra eða matshóps. Í okkar tilfell þá stýrði leikskólastjóri matsferlinu.

Samhent vinna við að bera kennsl á styrkleika og veikleika leikskólans hjálpar öllum aðilum við að móta skýra mynd af vinnunni, bæði með tilliti til núverandi stöðu og framtíðarstefnu. Sjálfsmatið gefur þannig eflt og styrkt samvinnu, þróað leið til að virkja alla viðkomandi í starfi til umbóta í öllu leikskólastarfinu.

Með aðferðinni er leikskólastarfinu skipt upp í sjö lykilþætti sem ná yfir alla þætti starfseminnar.

Lykilþættirnir eru:

1. Námskrá
2. Þroski og framfarir barnanna
3. Nám í gegnum leikinn
4. Stuðningur við börn og fjölskyldur
5. Vinnusiðfræði leikskólans
6. Námsumhverfi leikskólans
7. Stjórnun

Hverjum lykilþætti er síðan skipt upp í nokkur meginatriði sem nefndir eru árangursvísar, en þeir eru:

Árangursvísir 1.1 – Uppbygging námskrár

Árangursvísir 1.2 – Gæði áætlana

Árangursvísir 1.3 – Gæði dagskipulags

Árangursvísir 2.1 – Framfarir barnanna í þroska og námi

Árangursvísir 3.1 – Gæði náms í gegnum leikinn

Árangursvísir 3.2 – Samskipti barna og starfsfólks

Árangursvísir 3.3 – Að mæta þörfum barnanna

Árangursvísir 3.4 – Mat og gagnasöfnun

Árangursvísir 4.1 – Samræmt uppeldisstarf

Árangursvísir 4.2 – Samræmi uppeldis og menntunar

Árangursvísir 4.3 – Stuðningur í uppeldi og námi

Árangursvísir 4.4 – Stuðningur við börn með sérþarfir

Árangursvísir 5.1 – Starfsandi

Árangursvísir 5.2 – Jafnrétti og réttsýni

Árangursvísir 5.3 – Samvinna við foreldra

Árangursvísir 5.4 – Tengsl við aðra leikskóla, grunnskóla og aðrar stofnanir

Árangursvísir 5.5 – Samvinna starfsfólks

Árangursvísir 6.1 – Húsnæði og almennur aðbúnaður

Árangursvísir 6.2 – Framboð námsgagna

Árangursvísir 6.3 – Ráðning og hæfni starfsfólks

Árangursvísir 6.4 – Starfspróun og endurmat

Árangursvísir 7.1 – Sjálfsmat

Árangursvísir 7.2 – Markmið og stefnumörkun

Árangursvísir 7.3 – Áætlun til aukins árangurs

Árangursvísir 7.4 - Stjórnandinn

Árangursvísir 7.5 – Virkni starfsfólks

Í matsvinnunni er hverjum árangursvísi gefin einkunn á skalanum 1-4 og er notaður eftirfarandi einkunnaskali:

4	Mjög gott	Afar sterkur þáttur
3	Gott	Sterk atriði veigameiri en slök
2	Sæmilegt	Mikilvæg atriði slök
1	Ófullnægjandi	Afar slakur þáttur

Markmiðið er ávallt að ná einkunninni 4 í öllum þáttum leikskólastarfseminnar.

3.2 Sjálfsmatsáætlun 2009 – 2012

1. Stuðningur við börn og fjölskyldur - - - - - haustönn 2009
2. Vinnusiðfræði leikskólans - - - - - haustönn 2009
3. Námskrá - - - - - haustönn 2010
4. Þroski og framfarir barnanna - - - - - haustönn 2010
5. Stjórnun - - - - - vorönn 2011
6. Nám í gegnum leik - - - - - haustönn 2011
7. Námsumhverfi leikskólans - - - - - vorönn 2012

3.3 Sjálfsmatsteymi

Leikskólastjóri hefur fram að þessu séð um alla skipulagningu gagnvart sjálfsmatinu, en við höfum komist að raun um að betra væri að skipa sjálfsmatsteymi og stefnum á að það verði gert haustið 2010.

Verkefni sjálfsmatsteymis er að undirbúa og halda utan um starfsdaga þar sem sjálfsmatið fer fram. Þróa spurningalista sem lagðir eru fyrir foreldra og þróa áfram lykilþætti sem taka yfir einstaka þætti í starfi leikskólans. Vinna sjálfsmatsskýrslu í lok hvers skólaárs.

4 Sjálfsmat og lykilþættir 2009

4.1 Framkvæmd Sjálfsmatsins

Samkvæmt matsáætluninni voru teknir fyrir lykilþættir 4 og 5. Unnið var sameiginlega með þessa lykilþætti á starfsdegi í nóvember. Í matsvinnunni er hverjum árangursvísi gefin einkunn á skalanum 1-4. Unnið er út frá texta sem gæfi einkunnina 4 sem er hæsta skor. Sá texti er klipptur niður í málsgreinar sem breytt er í spurningaform til að auðvelda umræðuna. Hver málsgrein er svo metin og fundin meðalsteinkunn á hvern árangursvísi. Ekki er gefin einkunn fyrir lykilþáttinn í heild.

Starfsmönnum er skipt niður í litla hópa 3-4 í hóp. Þegar hver hópur hefur lokið sinni vinnu þ.e. gefið einkunn, sett niður rökstuðning fyrir einkunninni og komið með leiðir til úrbóta er sest niður og starfsmenn fara sameiginlega yfir hvern þátt. Þannig gefst öllum tækifæri til að koma með athugasemdir hvað varðar einkunnagjöf og úrbætur.

Þessa leið höfum við valið frekar en að skipta niður eftir starfsstöðvum vegna þess að það koma upp meiri og betri umræður og víðara sjónarhorn. Þó að við séum á þremur starfsstöðvum er stefna okkar að starfsemin á öllum starfsstöðvunum sé sem líkust. Stundum er þó óhjákvæmilegt að matið skiptist niður á þrjár starfsstöðvar og er þá getið sérstaklega um það.

4.2 Lykilþáttur 4 – Stuðningur við börn og fjölskyldur

Árangursvísir 4.1 – Samræmt uppeldisstarf

Vegin einkunn - 3

Sterku hliðarnar okkar:

Starfsfólk er meðvitað um nauðsyn þess að vera vakandi fyrir heilsu og öryggi barnanna.

Börnin læra strax að þvo sér um hendur eftir salernisferðir þ.e. einnig þau sem eru með bleiur.

Tekið er tillit til barna með matarofnæmi.

Veiku hliðarnar okkar:

Starfsfólk hefur ekki fengið fræðslu né ráðgjöf varðandi barnaverndarmál. Erfitt að greina einkenni þegar þekking er ekki til staðar.

Ekki er markvisst unnið með fræðslu varðandi hollan mat, einungis ómarkvisst við matarborðið.

Leiðir til umbóta:

Fá fræðslu frá barnavernd um barnaverndarmál.

Setja fræðslu um hollan mat inn í skipulagið t.d. í hópastarf.

Árangursvísir 4.2 – Samræmi uppeldis og menntunar

Vegin einkunn – 3

Sterku hliðarnar okkar:

Gott jafnvægi er á dagskipulaginu og börnin fá tækifæri til athafna og hvíldar.

Skólanámskráin mótar markmið um uppeldi og menntun barnanna, hún er mjög læsileg.

Góður matseðill er í Tröllaborg á Hólum

Veiku hliðarnar okkar:

Of mikið af unninni matvöru í Tröllaborg á Hofsósi og Tröllaborg í Fljótum.

Nýjum starfsmönnum er sagt frá námskrá leikskólans en ekki fylgt eftir að þeir kynni sér hana og lesi.

Leiðir til umbóta:

Setja upp fæðuhringinn í matsalnum. Versla inn ódýrara þannig að hægt sé að bjóða upp á óunna kjötvöru. Versla beint af bændum. Athuga hvort leikskólar fái sérkjör hjá KS.

Yfirfara matseðla og bera saman við aðra leikskóla.

Árangursvísir 4.3 – Stuðningur í uppeldi og námi

Vegin einkunn – 3

Sterku hliðarnar okkar:

Mikið tillit er tekið til aðstæðna barna og fjölskyldna þeirra t.d. hvað varðar sveigjanleika í vistunartímum og auðvelt að fá aukatíma.

Við búum í litlu samfélagi og því er auðvelta að koma til móts við alla þar sem allir þekkja alla.

Alltaf eru tekin Hljóm2 próf á 5 ára nemendum og Gerd Starnd matslisti á 4ra ára nemendum. Einnig ef ástæða er til er Íslenski þroskalistinn notaður og kallaðir til sérfræðingar ef þurfa þykir. Stuðningur er veittur í samstarfi við sérfræðinga.

Auk þess er hver nemandi með sérstakan matslista þar sem einu sinni á ári er farið yfir kunnáttu og framfarir nemandans.

Leikskólinn nýtir sér sérfræðinga innan fjölskylduþjónustu Skagafjarðar.

Veiku hliðarnar okkar:

Að búa í litlu samfélagi getur líka verið ókostur. Við veigrum okkur við að tala hreint út um hlutina þannig að hætta er á að hlutirnir danki. Einnig er hætta á manngreinaráliti.

Sérkennslan er ekki nógu markviss.

Leiðir til umbóta:

Vera meðvitaðar um nándina og minna hverja aðra á. Halda fund með foreldrum og fara yfir öll smáatriði sem oft vilja gleymast þegar samfélagið er lítið.

Setja inn í skólanámskrána hvaða leið skal fara og hvað á að gera ef upp koma erfið mál.

Árangursvísir 4.4 – Stuðningur við börn með sérþarfir

Vegin einkunn 2,5

Sterku hliðarnar okkar:

Dagbækur og mætingalistar eru í Barnaborg og Brúsabæ. Ef barn á við einhverja sértæka erfiðleika að stríða þá er starfsfólk vel upplýst um málið. Málefni allra barna eru alltaf rædd reglulega á starfsmannafundum. Erum að innleiða SMT skólafærni og lítum til þess að þá myndist meira samræmi meðal starfsfólks.

Veiku hliðarnar okkar:

Ekki er dagbók og mætingalisti í Bangsbæ. Þarf meira samræmi svo allir geri eins og séu samtaka. Engar skjótvirkar áætlanir til staðar til að koma lagasetningum í framkvæmd fyrir börn með sérþarfir ef með þarf. Erfitt að meta þennan þátt þar sem lítil eða engin þekking er til staðar.

Leiðir til umbóta:

Fara yfir lögin á starfsmannafundi og jafnvel fá fagaðila til að koma á fundinn.

4.3 Lykilþáttur 5 – Vinnusiðfræði leikskólans

Árangursvísir 5.1 – Starfsandi

Vegin einkunn 2,5

Sterku hliðarnar okkar:

Í öllum deildum ríkir í flestum tilfellum gagnkvæmt traust milli starfsfólks, barna og foreldra. Erum að innleiða SMT skólafærni sem styður við jákvæða hegðun.

Veiku hliðarnar okkar:

Í sterku hliðunum okkar kemur fram að í flestum tilfellum ríki gagnkvæmt traust milli starfsfólks, barna og foreldra en þyrfti að vera í öllum tilvikum. Of mikið baktal í starfsmannahópnum. Þyrfti að skoða móttöku barnanna á morgnana. Skortur á næmni hjá sumu starfsfólki að lesa í aðstæður.

Leiðir til umbóta:

Gera könnun meðal foreldra á upplifun þeirra þegar verið er að koma með börnin í leikskólann. Minna á að við baktölum ekki hver aðra. Hver og einn starfsmaður taki sig á varðandi samskipti við foreldra og að lesa í aðstæður.

Árangurvísir 5.2 – Jafnrétti og réttisýni

Vegin einkunn 3

Sterku hliðarnar okkar:

Tekið er tillit til fötlunar, kyns, trúar, kynþáttar og tungumáls á sanngjarnan og réttlátann hátt t.d. þegar presturinn kemur í heimsókn þá eru foreldrar spurðir hvort barnið megi taka þátt og ef ekki þá er unnið annað starf með barninu. Tvítyngd börn eru hvött til að segja okkur heiti á ýmsum hlutum og við lærum að kveðja og heilsa á þeirra tungumáli.

Við höfum góðan aðgang að fagfólki til að styðja við fjölskyldur ef á þarf að halda.

Veiku hliðarnar okkar:

Vantar jafnréttisáætlun inn í skólanámskrána.

Leiðir til umbóta:

Bæta inn í skólanámskrána jafnréttisáætlun.

5.3 – Samvinna við foreldra

Vegin einkunn 3

Sterku hliðarnar okkar:

Við erum með nokkra skipulagða daga á ári þar sem foreldrar koma og vinna með

börnunum og hafa þessir dagar verið vel sóttir af foreldrum. Við hlustum á foreldra og tókum tillit til skoðana þeirra varðandi þroska og getu barnanna. Spurningum foreldra er svarað eða foreldrum vísað til deildarstjóra eða leikskólastjóra. Allar upplýsingar frá foreldrum er varða barnið eru skrifaðar niður og eru aðgengilegar fyrir starfsfólkið. Einnig fá foreldrar daglega upplýsingar um barnið og vikulega er skrifað inn á heimasíðuna um starf vikunnar. Foreldraviðtöl eru einu sinni á ári og oftast ef þurfa þykir. Foreldrahandbókin er mjög góð.

Veiku hliðarnar okkar:

Þyrftum að virkja foreldra betur í að fylgja börnunum inn á deild. Gerum ekki kröfu um að foreldrar láti börnin stimpla sig inn á morgnana og þegar þau eru sótt þ.e. setja myndina sína á réttan stað. Nýtum ekki nægilega vel mannauðinn.

Leiðir til umbóta:

Virkja foreldra betur t.d. að fá foreldra í lið með okkur ef eitthvað þarf að sauma, smíða eða mála. Einnig að nýta okkur sérþekkingu hvers og eins t.d. líffræðinga, reiðkennara, sjómenn eða hvert annað starfsvið sem foreldra vinna við. Hafa reglulega átaksviku í að heilsa og kveðja þar til þetta verður hverjum og einum eðlislægt. Útbúa kladda þar sem foreldrar kvitta fyrir daginn og fá þá um leið allar helstu upplýsingar um barnið s.s. hvað það svaf lengi, borðaði o.s.frv.

5.4 – Tengsl við aðra leikskóla, grunnskóla og aðrar stofnanir

Vegin einkunn 3

Sterku hliðarnar okkar:

Mjög góð tengsl á Hólum og Fljótum. Við höfum tekið leikskólakennaranema.

Veiku hliðarnar okkar:

Nýtum ekki nægilega vel þær stofnanir sem eru í nágrenni leikskólans á hverjum stað.

Leiðir til umbóta:

Setja inn í skólanámskrá beggja skólastiga samstarfsáætlun. Setja inn á mánaðarskipulagið vettvangsferðir í ýmsar stofnanir og nýta sveitarfélagsbílinn í þessar ferðir.

5.5 – Samvinna starfsfólks

Vegin einkunn 3,5

Sterku hliðarnar okkar:

Við náum að vinna vel saman og nýtum okkur hugmyndir hjá hverri annarri. Hver starfsmaður fær að njóta sinna sterku hliða.

Veiku hliðarnar okkar:

Mættum vera duglegri að hrósa og styðja þannig betur við hverja aðra.

Leiðir til umbóta:

Æfa okkur í að hrósa og ekki síður að taka hrósina. Hittast oftast utan vinnu.

5 Áætlun um aðgerðir

Við gerðum með okkur áætlun sem fer í gagnið á haustönn 2010 og ákveðið er að þessir hlutir verði kominir í framkvæmd í síðasta lagi um áramót 2010 og 2011.

Skólanámskráin og barnavernd:

- Endurskoðun skólanámskrár fari fram á vordögum og verði tilbúin í skólabyrjun haustið 2010.
- Setja inn í skólanámskrána áætlun um hvaða leið á að fara ef upp koma erfið mál.
- Fá starfsmann frá fjölskylduþjónustunni á haustönn 2010 með fræðslu um barnaverndarmál og löginn um málefni fatlaðra.
- Setja inn í skólanámskrána kafla um jafnréttisáætlun
- Setja inn í skólanámskrána samstarfsáætlun beggja skólastiga.

Samfélagið

- Fara einu sinni í mánuði í heimsókn á ýmsa vinnustaði og setja það fast inn í mánaðarskipulagið frá hausti 2010.

Matur og hollusta

Setja inn markvissa fræðslu um hollan mat með því að setja upp fæðuhringinn í matsalnum og byrja t.d. matartímann tvisvar í viku með því að ræða um hollustu matar og mikilvægi hreyfingar.

Til að sjá hvar við stöndum hvað varðar unna matvöru að bera saman matseðla við aðra leikskóla og ráðleggingar manneldisráðs og lýðheilsustöðvar. Þessi samanburður á að vera tilbúinn í skólabyrjun haustið 2010.

Samskipti

Á haustönn 2010 tókum við okkur á og verðum ófeimnar að hnippa í hvor aðra til minna okkur á að í Tröllaborg er allt baktal bannað. Hrósa hverri annarri þegar vel er gert og vera tilbúnar að taka við hrósinu, það reynist mörgum erfitt. Vera meðvitaðar um að samfélagið sem við búum í er lítið og nándin mikil og því verður að gæta þess að fara yfir öll smáatriði sem oft vilja gleymast í svona litlu samfélagi. Hver og einn starfsmaður taki sig á og vandi sig í samskiptum við foreldra, börn og starfsfólk, við berum sjálf ábyrgð á gjörðum okkar.

Foreldrasamstarf

Virkja foreldra enn frekar til samstarfs t.d. að fá foreldra í lið með okkur ef eitthvað þarf að saum, smíða eða mála. Nýta einnig sérþekkingu hvers og eins t.d. líffræðinga, reiðkennara, sjómenn eða hvert annað það starfssvið sem foreldrar hafa. Hafa reglulega átaksviku þar sem við tókum okkur á í að heilsa og kveðja þar til þetta verður hverjum og einum eðlislægt. Útbúa kladda þar sem foreldrar kvitta fyrir daginn og fá þá um leið allar helstu upplýsingar um barnið s.s. hvað það svaf lengi, borðaði og fleira sem um ræðir. Gera könnun meðal foreldra á upplifun þeirra þegar verið er að koma með börnin í leikskólann.

Eftirfylgni

Á fyrsta starfsmannafundi á vorönn 2011 förum við yfir þessi atriði og skoðum hvað hafi komist í framkvæmd og hvað ekki. Ef eitthvað hefur ekki tekist verður lögð áhersla á að lagfæra það.